

REGLUR

um bann við netaveiði göngusilungs við Skjálfanda og Þistilfjörð.

1. gr.

Bönnuð er netaveiði göngusilungs í sjó á árunum 2009 og 2010 frá og með 1. júlí til og með 20. ágúst á eftirtöldum stöðum:

- a) Með strandlengju Skjálfandaflóa frá friðunarsvæði Laxár í Þingeyjarsýslu í suðri að Tjörnestá í norðri.
- b) Með strandlengju Þistilfjarðar frá Hraunhafnartanga í vestri að Fonti á Langanesi í austri.

2. gr.

Brot á ákvæðum þessara reglna varða sektum samkvæmt lögum nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal fara að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 5. - 7. mgr. 15. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungveiði með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Koma þær í stað reglna nr. 372/2004 um sama efni.

4. gr.

Til viðbótar þeim takmörkunum, sem hér eru settar, skal vakin athygli á því að allar netaveiðar á silungi í sjó eru óheimilar frá því kl. 22.00 á föstudagskvöldi til kl. 10.00 á þriðjudagsmorgni á löglegum veiðitíma yfir sumarið samkvæmt 2. mgr. 18. gr. ofangreindra laga.

Reykjavík, 27. mars 2009.

Þórður Ásgeirsson fiskistofustjóri.

Árni Ísaksson, lax- og silungsveiðisvið.